

**Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík**

Sent í gegnum samráðsgátt

Umsögn Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi, (SUNN) um drög að lagafrumvarpi um Hálandisþjóðgarð. Mál nr. 317/2019.

« *Hér á andinn óðul sín öll sem verða á jörðu fundin* » Sigurður Jónsson frá Arnarvatni. Ort um Mývatnsríkið.

Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi telja það heillaskref að vinna skuli að vernd miðhálandisins með stofnun þjóðgarðs. Í áratugi hafa andstæð öfl tekist á um hvernig umgangast beri þetta viðkvæma og einstaka svæði, ein stærstu óbyggðu víðerni álfunnar, og er það því sérstakt ánægjuefni að litið sé á það sem eina heild fjölbreytts landslags, víðerna, lífríkis, jarðmyndana og menningarminja sem beri að vernda sem slíka.

Hvað varðar framlögð drög að lagafrumvarpi að Hálandisþjóðgarði vilja samtökin koma eftirarandi á framfæri:

Vernd tryggð með lögum

Stjórn samtakanna þykir mikilvægt að kveðið sé skýrar á um mörk þjóðgarðs og skiptingu hans í verndarflokka í lagafrumvarpinu sjálfu. Verndarsjónarmið hljóta að vera fólgin í því að verndað sé til langframa og því eðlilegt að tryggja með lagasetningu, fremur en reglugerðum, hvað skuli vernda og með hvaða hætti. Víðtækar heimildir ráðherra til setningar reglugerða um mörk og verndarflokka geta að mati samtakanna orðið til þess að veikja þjóðgarðinn til lengri tíma litið.

Við viljum einnig koma á framfæri því sjónarmiði að friðlýsingarflokknum « *óbyggð víðerni* » (skv 46. gr. náttúruverndarlaga og samsvarandi flokki 1b í flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN)), sem verður megininkenni þessa þjóðgarðs, verði gert sérstaklega hátt undir höfði. Óbyggð víðerni og hin sanna hálandisupplifun sem af þeim hlýst eru að miklu leyti

kveikjan að hugmyndum að stofnun Hálandisþjóðgarðs og ætti að hafa að leiðarljósi við móttun hans til að gæta að samræmi og heildrænni sýn á verkefnið allt.

Einnig taka samtökin undir umsögn samtakanna ÓFEIGS (dagsett 2.janúar 2020) þar sem bent er á að orðalag í 2.grein frumvarpsins megi túlka sem svo að lögin tryggi ekki friðlýsingu. Við teljum að orðalag í fyrstu málsgrein 2. gr. frumvarpsdraganna « Ráðherra ákveður friðlýsingu Hálandisþjóðgarðs og stækkun þjóðgarðsins með reglugerð, sbr. 13. gr » sé ekki heppilegt og geta samtökin tekið undir tillögu úr áður nefndri umsögn ÓFEIGS um breytt orðalag og tilhögun 1. og 2. gr. frumvarpsdraganna sem er lögð þar fram. Þar er m.a. lagt til orðalagið « Hluti miðhálandis Íslands skal vera friðlýstur þjóðgarður. »

Að öðrum kosti má lögbinda gildistöku reglugerðar um friðlýsingu við ákveðna dagsetningu til að tryggja að til hennar komi.

Þjóðgarðsmörk

Samtökin benda á að þær ríkisjarðir sem liggja að þjóðlendumörkum og eru þess eðlis að bæta við gildi þjóðgarðsins í ljósi verndar á ákveðnum landslagsheildum ættu að vera teknar með í þjóðgarðinn. Er bent á ríkisjörðina Stóru-Tungu í Bárðardal sérstaklega í þessu samhengi fyrir Norðurland og viljum við í SUNN enn koma á framfæri fullum stuðningi við tillögu Verndarfélags Svartár- og Suðurár þess efnis að *Suðurarbotnar, Suðurá og Svartá í Bárðardal, ásamt tungunni milli ána tveggja og Skjálfandafljóts, verði hluti þjóðgarðs á miðhálandinu.*

Að sama skapi teljum við að eðlilegt væri að bíða með að ákveða þjóðgarðsmörk þar til óbyggðanefnd hefur lokið störfum og skilað niðurstöðum um frekari þjóðlendumál.

Orkunýting

Það þarf ekki að koma á óvart að hugmyndir um virkjanir innan þjóðgarðs mæta töluverðri andstöðu - enda hefur verið bent á í umsögnum náttúruverndarsamtaka áður að slíkt myndi gengisfella þjóðgarðshugtakið og vinna gegn tilganginum með stofnun hans.

11. gr frumvarpsdraganna hlýtur að stangast á við almenn náttúruverndarlög og skilgreiningar Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN) á þjóðgörðum og yrði að mati samtakanna ekki eingöngu til að rýra þjóðgarðshugtakið - heldur varpa neikvæðu ljósi á ímynd Hálandisþjóðgarðsins. Sérstaklega þegar um er að ræða virkjanir af þeirri stærðargráðu sem hér á við og geta ekki talist hefðbundnar að neinu leyti - heldur byggðar fyrst og fremst til að þjóna stóriðju á Íslandi.

Samtökin taka því undir það sem hefur komið fram í umsögnum frá Landvernd (frá 29.október 2019 mál nr. 253/2019 og 3.desember 2019 mál nr. 290/2019) um að skilgreina beri virkjanasvæði utan þjóðgarðs - sem jaðarsvæði þar sem gæta beri mikillar varfærni í starfsemi skv. þar til gerðum reglugerðum.

Stjórnskipulag

Orðið þjóðgarður felur í sér að þjóðin sem heild á í hlut og þætti samtökunum eðlilegt að það endurspeglar í stjórnskipulagi hans. Í 5. og 7.grein frumvarpsdraganna kemur fram að sveitarfélög sem liggja að þjóðgarðsmörkum verði í meirihluta í bæði stjórn og umdæmisráðum þjóðgarðsins. Samtökunum þykir sæta furðu að ekki skuli tryggja með betri hætti aðkomu sérfróðra aðila á sviði náttúru- og menningarminja svo tryggja megi að sjónarmiðum verndar verði haldið á lofti til jafnvægis við sjónarmið svonefndra hagaðila - eða þeirra sem eiga efnahagslegra hagsmuna að gæta með nýtingu á miðhálandinu með einum eða öðrum hætti.

Það hefur t.d. verið sýnt fram á alvarlegar brotalamir í gæðastýringu í sauðfjárrækt þegar kemur að beitarstjórnun¹ og því kjörið tækifæri að lagafrumvarp um Hálandisþjóðgarð tryggi náíð samstarf með sérfróðum aðilum í endurheimt laskaðra vistkerfa á miðhálandinu til að koma stjórn á jarðvegseyðingu af manna völdum.

Samráð

Einnig viljum við benda á að í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar var lagt upp með víðtækt samráð um stofnun Hálandisþjóðgarðs. Samráð þverpólítískrar

¹ Ábending frá Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Íslands til ríkisendurskoðunar dagsetta 28.ágúst 2019. <https://landvernd.is/sidur/abending-um-gaedastyringu-saudfjarraektar>


Þingmannanefndar, umhverfis- og auðlindaráðuneytis, sveitarfélaga, náttúruverndar- og útivistarsamtaka og annarra hagsmunaaðila. Hingað til hafa náttúruverndarsamtök nánast setið við sama borð og almenningur, með umsögnum í gegnum samráðsgátt - að undanskildum einum fundi forsvarsmanna náttúruverndarsamtaka með umhverfisráðherra þann 6.janúar síðastliðinn. Þetta er sérstaklega gagnrýnivert í ljósi þess að mörg sjónarmið náttúruverndar sem haldið hefur verið á lofti með endurteknum hætti í gegnum umsagnir í samráðsgátt hafa ekki skilað sér inn í framlögð frumvarpsdrög.

Lokaorð

Um leið og við þökkum nefndinni sem hefur unnið vasklega að því að koma þessu mikilvæga verkefni í góðan farveg þá vonumst við til að tími gefist til að staldra betur við og gefa verndarsjónarmiðum meira vægi í lagafrumvarpi um Hálandisþjóðgarð allra landsmanna. Svo virðist sem orkunýtingaröfl hafi enn töglin og hagldirnar í valdataflinu um miðhálandið þegar kemur að útkomu þessa lagafrumvarps. Það skýtur skökku við að svo illa málamiðlun þurfi til að málið nái fram að ganga.

Mitt í neyðarástandi loftslagsmála í heiminum teljum við að með stofnun Hálandisþjóðgarðs geti kveðið við nýjan tón sem skiptir sköpum í þeim hugarfarsbreytingum sem verða okkur lífsnauðsynlegar á allra næstu árum. Að ætla virkja á miðhálandi Íslands undir því yfirskini að minnka bruna jarðefnaeldsneytis í öðrum álfum heimsins, rök sem orkunýtingaröfl hafa ríka tilhneigingu til að grípa til, lýsir glæpsamlegum skorti á metnaði gagnvart vandanum. Að sýna landinu okkar virðingu og vernd, að sýna auðmýkt í hverju spori sem við mörkum, að sýna þeim tillitssemi og umhyggju sem á eftir okkur koma – eru þau gildi sem þjóðin leggur rækt við með stofnun Hálandisþjóðgarðs. En flýtum okkur hægt og vöndum til verka. Að leggja í þessa vegferð með slíkan ágreining í farteskinu getur reynst dýrkeypt, þó það fleyti okkur vissulega áfram í rétta átt.

Með þakklæti og virðingu,



Harpa Barkardóttir, formaður SUNN